

Environice
Arnheiður Hjörleifsdóttir
Bjarnarbraut 8
310 Borgarnesi

Reykjavík, 29. febrúar 2012

Tilvísun: 201111045 / 5.2

Efni: Efnistaka að Björgum II, Hörgársveit - ákvörðun um tillögu að matsáætlun.

Í samræmi við 8. gr. laga nr. 106/2000 m.s.b. um mat á umhverfisáhrifum er hér kynnt niðurstaða Skipulagsstofnunar um tillögu Environice að matsáætlun um efnistöku að Björgum II, Hörgársveit.

Environice sendi Skipulagsstofnun erindi dags. 18. janúar 2012 ásamt tillögu að matsáætlun:

GV Gröfur. Björg II Hörgársveit, efnistaka. Environice. Janúar 2012.

Skipulagsstofnun leitaði umsagnar um tillögu framkvæmdaraðila hjá eftirtöldum aðilum í samræmi við 8. gr. laga um mat á umhverfisáhrifum: Hörgársveit, Fornleifavernd ríkisins, Heilbrigðiseftirliti Norðurlands eystra, Umhverfisstofnun og Vegagerðinni. Skipulagsstofnun kynnti tillöguna einnig með fréttatilkynningu.

Skipulagsstofnun bærust umsagnir og athugasemdir frá eftirtöldum aðilum: Hörgársveit með bréfi dags. 16. febrúar 2012, Fornleifavernd ríkisins með bréfi dags. 3. febrúar 2012, Heilbrigðiseftirliti Norðurlands eystra með bréfi dags. 8. febrúar 2012. Umhverfisstofnun með bréfi dags. 2. febrúar 2012 og Vegagerðinni með bréfi dags. 7. febrúar 2012. Skipulagsstofnun bærust einnig frekari upplýsingar frá framkvæmdaraðila í kjölfar umsagna með tölvupósti dags. 24. febrúar 2012.

NIÐURSTAÐA SKIPULAGSSTOFNUNAR

Í samræmi við 8. gr. laga um mat á umhverfisáhrifum hefur Skipulagsstofnun farið yfir framlagða tillögu Environice að matsáætlun ásamt þeim umsögnum sem borist hafa stofnuninni. Skipulagsstofnun fellst á tillögu framkvæmdaraðila að matsáætlun með þeim viðbótum sem framkvæmdaraðili setti fram í bréfi dags. 24. febrúar 2012 og með eftirfarandi athugasemdum.

Framkvæmdasvæði og kostir

Í inngangi í tillögu að matsáætlun er fjallað um umfang framkvæmdanna. Fram kemur að efni hafi verið tekið úr efnistökusvæðinu á Björgum II í áraðir. Áætlað er að tekið hafi verið um 800 þúsund m³, en ráðgert sé að taka um 2,2 milljónir m³ til viðbótar á næstu 20 árum. Skipulagsstofnun telur nauðsynlegt að í frummatsskýrslu verði gerð grein fyrir því hvernig svæðið verði unnið, þ.e. hvernig framvindu efnistökkunnar verði háttáð og í hvaða röð áfangar verði unnir sem og hvernig frágangi verði háttáð á svæðinu.

Skipulag og leyfi. Í umsögn Umhverfisstofnunar var minnt á að leita þyrfti leyfis Fiskistofu ef fyrirhugað væri að taka efni í eða við fiskgengar ár. Skipulagsstofnun mun því leita umsagnar Fiskistofu þegar frummatsskýrsla hefur verið lögð fram.

Umfang og áherslur mats á umhverfisáhrifum

Áhrif á fornminjar. Í kafla 4.2 í tillögu að matsáætlun er fjallað um vinsun umhverfisþátta. Á bls. 10 í kaflanum kemur fram að fornleifaskráning hafi verið gerð fyrir allt sveitarfélagið og að rústir Róðukots séu skammt frá framkvæmdasvæðinu. Skipulagsstofnun tekur undir með Fornleifavernd ríkisins og telur nauðsynlegt að sýna staðsetningu og umfang fornleifanna sem og afmörkun efnistökusvæðisins á loftmynd í frummatsskýrslu. Jafnframt þarf í frummatsskýrslu að greina frá áhrifum á fornleifarnar sem og mögulegum mótvægisáðgerðum stafi fornleifum hætta af efnistöku.

Áhrif á gróður og fugla. Í kafla 4.2. kom fram að ekki þætti ástæða til að gera sérstaklega grein fyrir áhrifum framkvæmdanna á gróður í frummatsskýrslu þar sem ræktarlönd, móar og melar væru ráðandi. Að sama skapi væri efnistökusvæðið ekki talið mikilvægt fuglasvæði og því taldi framkvæmdaraðili ekki ástæðu til að gera sérstaka grein fyrir fuglalífi í frummatsskýrslu. Umhverfisstofnun benti í umsögn sinni á að greina þyrfti frá þeim gróðursamfélögum sem er að finna á fyrirhuguðu efnistökusvæði auk þess sem gera þurfi grein fyrir fuglalífi á svæðinu.

Skipulagsstofnun tekur undir með Umhverfisstofnun og telur að í frummatsskýrslu þurfi að gera grein fyrir þeim gróðurfélögum sem verði fyrir beinum áhrifum vegna efnistökkunnar sem og sérstæði þeirra með hliðsjón af gróðurfélögum í nágrenninu. Jafnframt þurfi að gera grein fyrir fuglalífi á svæðinu. Skipulagsstofnun gerir ekki athugasemdir við að byggt sé á fyrirliggjandi gögnum Náttúrufræðistofnunar Íslands á Akureyri líkt og framkvæmdaraðili ráðgerir eða annarra ef þar er að finna fullnægjandi upplýsingar um svæðið.

Áhrif á landnotkun og nærsamfélag. Skipulagsstofnun telur brýnt að í frummatsskýrslu verði greint frá helstu áhrifum framkvæmdanna á landnotkun utan framkvæmdarsvæðisins ásamt samræmi þeirra við aðra starfsemi og hlunnindi í nánasta umhverfi þess.

Mat á áhrifum og vægi þeirra. Skipulagsstofnun telur nauðsynlegt að í frummatsskýrslu verði gerð grein fyrir áhrifum framkvæmdanna á tilgreinda umhverfisþætti ásamt vægi áhrifanna. Bent er á að framkvæmdaraðili getur stuðst við leiðbeiningar Skipulagsstofnunar varðandi þetta atriði.

Vegtengingar við þjóðveg. Í umsögn Vegagerðarinnar var hvatt til þess að umferð frá efnistökusvæðinu færi ekki beint út á Ólafsfjarðarveg (nr. 82) vegna nálægðar við brú yfir Hörgá. Skipulagsstofnun hvetur til þess að framkvæmdaraðili hafi samráð við Vegagerðina um mögulega vegtengingu efnistökusvæðisins við Ólafsfjarðarveg. Skipulagsstofnun hvetur til þess að gerð verði grein fyrir mögulegum lausnum í frummatsskýrslu.

Rut Kristinsdóttir

Sigurður Ásbjörnsson

Fylgiskjöl: Afrit umsagna.

Afrit: Hörgársveit, Fiskistofa, Fornleifavernd ríkisins, Heilbrigðiseftirlit Norðurlands eystra, Umhverfisstofnun, Vegagerðin – Akureyri.